


Finn Lynggaard
Tchai Munch
Søren S. Larsen
Sigrún Ó. Einarssdóttir

STEFNUMÓT GLERVINA

Sýning á Kjarvalsstöðum 1. til 16. september '84



Glaspusterie!
Naturlig Magie!
Her kan I lære
hvordan der af en Blære,
flydende og blød
kan blive en Flaske,
som kan stikkes i en Taske,
med Viin saa rød.
Glaspusterie!
Naturlig Magie!

„Glaspusteren“
úr „Sanct Hansaften-spil“
eftir Adam Oehlenschläger

Sýnendur þakka eftirtoldum aðilum fyrir veitta aðstoð
við framkvæmd sýningarinnar.

Kjarvalsstaðir
Danska sendiráðið
Fondet for Dansk-Islandsk samarbejde
AUK hf, Auglýsingastofa Kristinar
Svansprent hf.
Myndamót hf.
Ímynd
Flugleiðir
Ispan hf.
Húsasmíðjan

Finn Lynggaard:
„Technique is cheap“
1984


Finn Lynggaard og Tchai Munch.

„Það var þá ekki til einskis að hafa lært húsamálun í fjögur ár,“ sagði Finn Lynggaard þegar ég hitti hann önnum kafinn, nú í júnílok, ekki fyrir fráman glerblástursofninn í verkstæðinu í Ebeltoft heldur á tröppum gamla tollhússins í Ebeltoft þar sem hann strauk grænni málningu fagmannlega á veggina. Að fáum dögum liðnum verður hér opnuð sýningin „Glerið í miðpunktí“, og þá gefst þeim tugþúsundum ferðamanna, sem leið eiga um Ebletoftbæ, kostur á að skoða salarkynnin. Innan dyra er Tchai Munch jafnupptekin við undirbúning sýningarinnar, uppsetningu glermuna frá tuttugu dönskum glerverkstæðum.

Pannig eru þau Finn og Tchai: Sistarfandi að kynningu hinnar tiltölulega nýju og óþekktu greinar listhandverksins sem kölluð er studio-gler. Í allmög ár hefur Finn Lynggaard verið leiðandi af og einskonar merkisberi studio-glerlistarinnar, ekki aðeins á Norðurlöndum heldur einnig út um heim.

Aðrar stundir hafa hugur hans og óþeislandi orka beinst mest að kennslustarfínu. Meðal hinna mörgu nemenda hans voru bæði Tchai Munch og Sigrún Einarsdóttir.

Auk annars hefur hann haft tima til að blása gler og gert marga athyglisverða hluti. Reyndar var það hann sem í byrjun áttunda áratugarins stofnaði fyrsta litla glerblástursverkstæði Danmerkur (studio-gler), í keramikverkstæði sinu í Kokkedal rétt nordan við Kaupmannahöfn. Þegar Finn lagði keramikið til hliðar og helgaði sig glerlistinni, réðst hann ekki á gardinn þar sem hann var lægstur heldur sótti hann á enn brattari braut listhandverksins. Glima hans við glerið hefur boríð ríkulegan árangur og verk hans prýda nú söfn og sali viðs vegar um heim.



Frá hinum fyrstu frumstæðu byrjendaverkum hefur hann þróast upp í meistara sem veldur bæði handverki og tækni og stöðugt leitar nýrra miða í list sinni. Finn sylgir hugmyndum sinum vel eftir - hreinræktar þær. Sem dæmi má nefna skálar skreyttar með bliðu, brosandi landslagi Danmerkur eða vasa með finsprungnum blaðgullflögum dansandi á yfirborðinu. Fyrir nokkrum árum lokaði Finn verkstæði sinu í Kokkedal og flutti til Ebeltoft þar sem vinnufriður er meiri en í höfuðborginni. Ætla má að ferill hans sem listamanns sé enn á leið inn á nýjar brautir - ótroðnar slóðir.

Tchai Munch tilheyrir yngri kynslóð gler-listamanna. Hún aðstoðar Finn í verkstæði hans í Ebeltoft en gerir einnig sjálf mjög persónulega muni. Skemmtilegir sumarhattar úr gleri hafa vakið mikla athygli á þeim sýningum sem hún hefur tekið þátt i. Önnur verk hennar láta minna yfir sér en endurspeglar enn betur ljóðrænan næmleika listamannsins fyrir efninu. Skálar og vasar unnin úr lituðum glerstöngum og glerþráðum þar sem misþykkt glerið eykur á tilbrigðin gætu orðið einkennandi fyrir list Tchai.

Finn Lynggaard og Tchai Munch styðja hvort annað; saman gera þau EBELTOFT-GLÁS að einum athyglisverðasta stað nútíma glerlistar á Norðurlöndum. Oft eru gerð boð eftir þeim á sýningar og þegar sýningunni „Glerið í miðpunkt“ hefur verið hleypt af stokkunum hefjast þau strax handa við nýtt verkefni: glersýningu á Kjarvals-stöðum, Reykjavík, í september.

Jørgen Schou-Christensen,
Kunstindustrimuseet,
Kaupmannahöfn.





Finn Lynggaard
Fæddur 11.1.1930

Nedergade 19,
DK - 8400 Ebeltoft,
simi 06 - 34 35 66.

Menntun o.fl.:	
Kunstakademiet malerskole hjá próf.	1951-1955
Kræsten Iversen	
Kunstakademiet keramiske skole hjá próf.	1956
Peder Hald	1953-1956
Félagi og sýningaraðili i „Den Permanente“ síðan	1956
Félagi i Kunsthåndværkeráðet síðan	1977
Félagi i W.C.C.s National Committee frá	1979
Félagi i Statens Kunstmuseum Repræsentantsk.	1978-1981
Kennari við Skolen for Brugskunst	1974-1980

Sýningar:	
The Arts of Denmark, U.S.A.	1960-1961
XII. Triennale, Milano, Ítaliu	1961
International Ceramics, Faenza, Ítaliu	

1962-1963-1964-1965-1970-1975	
Internationales Kunsthandwerk, Stuttgart	1963-1965
Formes Danoises, Frakklandi	1963-1964
Nippon Gendai Kogei Bijutsu, Japan	1967 og 1968
Contemporary Danish Design, Moskva, U.S.S.R.	1969
Röhsska Konstslöjdsmuseet, Gautaborg, Svíþjóð	1972 og 1979
Contemporary Ceramic Art, Kyoto, Japan	1970
The Cup, Kanazawa, Japan	1973
EXEMPLA, München, Þýskalandi	1974
Scandinavian Glass Exhibition, Tel Aviv, Ísrael	1974
International Studioglas, Svíþjóð og Danmörku	1975
International Exhibition of Ceramic Art, Tokyo	1975
Modernes Glas aus Amerika, Europa und Japan,	
Frankfurt, Berlin og Hamburg	1976
Coburger Glaspres, Coburg, Þýskalandi	1977
Galleri F 15, Moss, Noregi	1978 og 1983
Nordisk Glas, Svíþjóð, Noregi, Finnlandi	
og Danmörku	1978-1983
New Glass, Corning Museum of Glass, U.S.A.	1979
Galleri Lietzow, Berlin, Þýskalandi	1979
Kunstindustrimuseet, Kaupmannahöfn	1979
Contemporary Glass Art, Kyoto og Tokyo, Japan	1980
Sýning hjá Takashimaya, Tokyo, Osaka og	
Kyoto, Japan	1981
Glaskunst '81, Kassel, Þýskalandi	1981
World Glass Now, Sapporo, Japan	1982
Creations et Art Danois, Paris, Frakklandi	1983

Verðlaun og vidurkennningar:	
Gullverðlaun Senatsforsetans í Faenza, Ítaliu	1965
Grauballe-legatet, Den Permanente, Danmörku	1968
Ballardini-verðlaunin, Faenza, Ítaliu	1970
Gullverðlaun Viðskiptaráðsforseta, Faenza	1975
Urkund für herforragende Leistungen,	
Coburg, Þýskalandi	1977

Söfn:	
Kunstindustrimuseet, Kaupmannahöfn	
Röhsska Konstslöjdsmuseet, Gautaborg	
Nationalmuseet, Stokkhólm	
Kunstindustrimuseet, Oslo	
Västerbottens Museum, Umeå, Svíþjóð	
The National Museum of Modern Art, Kyoto, Japan	
The National Museum of Modern Art, Tokyo, Japan	
International Museum, Faenza, Ítaliu	
Kunstsammlungen, Veste Coburg, Þýskalandi	
Glasmuseum, Frauenau, Þýskalandi	
Kestner Museum, Hannover, Þýskalandi	
Kunstmuseum Düsseldorf, Þýskalandi	
Tender Museum, Tønder, Danmörku.	

Útgefnar bækur og önnur störf:	
1968 Keramisk Håndbog (dönsk, særsk og spansk útg.)	
1970 RAKU (dönsk, særsk og ensk útg.)	
1970 Keramik for småfolk (dönsk, norsk og særsk útg.)	
1971 Jydepotter og ildgrave	
1974 Form og Ler	
1975 Glashåndbogen (dönsk, frönsk og spansk útg.)	

1966 Gestakennari við Portland State College,	
Portland, Oregon, U.S.A.	
1970 Gestakennari við Sheridan College of Arts and Technology,	
Ontario, Kanada	
1972 Gestaleiðbeinandi, Jóhannesarborg, Suður Afriku.	
1982 Gestakennari við Pilchuck School of Glass,	
Pilchuck, Washington, U.S.A.	
1982 Páttakandi í International Glass Symposium,	
Novy Bor, Tékkoslóvaku.	



Tchai Munch
Fædd i Danmörku, 30.12.1954

Nedergade 19,
DK - 8400 Ebeltoft.
Sími 06 34 35 66

Menntun:
Skolen for Brugskunst, Danmörku
Aðstöðarmaður, Skolen for Brugskunst

1975-1980
1979

Núverandi starf:
Aðstöðarmaður Finn Lynggaard, Ebeltoft Glas,
síðan

1980

Samsýningar:
Nordisk Glas '78, Svíþjóð 1978
Nordisk Glas '79, Noregi 1979
Nordisk Glas '81, Finnlandi 1981
Nordisk Glas '83, Danmörku 1983
Glass of our days in Art and Crafts,
Frauenau, Þýskalandi 1982
Dansk Studioglas, Den Permanente,
Kaupmannahöfn 1982
Scandinavia and Japan Craft Design Exhibition,
Kanazawa, Japan 1982
Glas og Kvadrat, Århus Kunstdforening, Árósum
VICOINTER '83, Valencia, Spáni 1983



Sigrún Ólöf Einarssdóttir.
Fædd i Reykjavík 1952.

Bergvik 2, Kjálfarnesi,
270 Varmá.
Sími: 91-667067 & 666038


Menntun:
Skolen for Brugskunst, keramik og gler 1973-1979

Starf:
Hefur rekið studio-glerverkstaðið „Gler i Bergvik“
á samti Søren S. Larsen síðan 1982

Sýningar:

<i>Nordisk glas '78, Svíþjóð</i>	1978
<i>Nordisk glas '79, Noregi</i>	1979
<i>Nordisk glas '81, Finnlandi</i>	1981
<i>Nordisk glas '83, Danmörku</i>	1983
<i>Samsýningar á Kjarvalsstöðum</i>	1981 og 1982
<i>Pejling, samsýning á íslensku listhandverki,</i>	
<i>Danmörku</i>	1981
<i>Scandinavian Modern Design 1880-1980, USA</i>	1982
<i>Einkasýning í Scanform Gallery, New York</i>	1982
<i>Tendenser '83, samsýning á norrienu list-</i>	
<i>handverki, Galleri F 15, Moss, Noregi</i>	1983
<i>New Scandinavian Glass, Los Angeles</i>	1983
<i>Galleri Langbrók</i>	1983
<i>Form Island, farandsýning á isl. listhandverki,</i>	
<i>Finnlandi</i>	1984

Verðlaun:
Kunsthåndværkerprisen, brons, Kaupmannahöfn 1979



Søren Staunsager Larsen
Fæddur í Kaupmannahöfn 1946.

Bergvik 2, Kjalarnesi,
270 Varmá.
Sími 91-667067 & 666038

<i>Náðm:</i>	Skolen for Brugskunst, keramik	1967-1971
<i>Stórf:</i>	Kennsla við Skolen for Brugskunst, keramikdeild Umsjónarkennari keramikdeilda Myndlista- og handiðaskóla Íslands	1971-1980
	Hefur rekið studio-glerverkstæði „Gler i Bergvik“ ásamt Sigrún Einarssdóttur síðan	1980-1984
		1982
<i>Samsýningar:</i>		
Galleri Langbrók		1983
<i>Nordisk Glass '83</i> , Danmörku		1983
<i>Tendenser '83</i> , samsýning á norraenu listhandverki,		1983
Galleri F 15, Moss, Noregi		
<i>Form Island</i> , farandsýning á islensku listhand-		
verki, Finnlandi		1984
<i>Verðlaun:</i>		
2. verðlaun fyrir drykkjarglós í hönnunarsamkeppni		
Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis		
		1982



Sigrún Ólaf Einarsdóttir
„Dans“. Ur myndrökinni „Fólk“
1984

Sigrún Ó. Einarsdóttir og Søren S. Larsen

Fáar greinar sjónlista, myndlista sem listiðnaðar, gera meiri kröfur til þeirra sem þær stunda en glermyndlistin, cinkum það afbrigði hennar sem grundvallast á blæstri, mótnu og skreytingu sjálfs glersins. Öll vinna slikra glerlistamanna fer fram við aðstæður sem skjótt draga allt megin úr óvönum, við linnulausa steikju hinna miklu ofna sem hita mönnum ekki aðeins í hamsi, heldur reyna auk þess bæði á pyngju og þolgeði. Sá sem á brennsluofn í fullri vinnslu, er bundinn honum eins og reisfabarni.

Sköpunin sjálf er aukinheldur þess eðlis að menn geta ekki leyft sér að slaka á eitt augnablik, heldur kalla hún án afláts á hugvit og handlagni. Mikil er í húfi. Glóandi glermassi er í umferð, það verður að snúa honum, hlúa að honum eins og fjöreggi og blása hann til hlýðni. Andartaks ógát getur skemmt heilt dagsverk og meitt viðstadda.

Höfuðeinkenni glersins, gegnsæið, er likast til sá eiginleiki þess sem mest reynir á þann sem hefur það undir höndum. Glerið er eins og vatnið, sibreytilegt eftir veðri og vindum, staðsetningu og sjónhorni. Því þarf sterk bein til að láta ekki þennan eftirgefana lega miðil ráða ferðinni, gefa til kynna bæði allt og ekkert, heldur sveigja hann til hlýðni við sérstök listræn markmið, ákvæðna skirkotun.

Ég held að við séum öfundsverð af því að frumherjar okkar i gerð blásins listglers, þau Sigrún Ó. Einarsdóttir og Søren S. Larsen, skuli i senn vera óþreytandi vinnuhjarkar og gagnvandaðir listamenn á sinu svíði.

Hver gripur sem frá þeim kemur er með þeirra persónulega marki, hvort sem um er að ræða ilát til daglegs bruks, eða glermuni sem þau leggja meiri vinnu og metnað i, saman eða sitt í hvoru lagi. Gripir þeirra eru ævinlega skýrt mótaðir,

Søren S. Larsen
„Gróská“
1984



hófstilltir að útliti, sneyddir þeim yfirborðslegu útbrotum sem einkenna verk þeirra sem aldrei sjá kjarnann fyrir hisminu.

Þeir gleðja augað strax við fyrstu sýn, en gaumgæfni leiðir í ljós raunverulega fágun þeirra, hin listrænu tilbrigði um meginstefið sem eru handskrift sjálfstæðra listamanna. Þau tilbrigði láta e.t.v. ekki mikið yfir sér: hvelfdur flötur hér, útdráttur þar, en hinn þjálfaði skoðandi skilur hvað um er að ræða.

Hið trausta, yfirvegaða form á hlutum þeirra Sigrúnar og Sörens fer síðan hönd í glófa með finlegrí skrautlist, þar sem sjálfir annmarkar hins grófa glers sem þau eru tilneydd að nota, eru virkjaðir. Gróft gler leyfir aðeins fáa liti, en þeim Sigrún og Sören hefur lánað að þaulnýta öll blæbrigði þeirra.

Gler er stundum talið óhlutlægast, mest afstrakt, allra listmiðla. Í gleri þeirra Sigrúnar og Sörens gætir hins vegar nálægðar náttúrunnar svo ekki verður um villst: óldugangsins i fjörubordinu, þangsins, blævarins i grasinu, litbrigða Esjunnar og laufsins i kjarrinu. Að hafa glermuni þeirra um hönd er eins og að meðhöndla náttúruleg form, sem sjálfar höfuðskepnurnar hafa slípað og skolað á land í Bergvík.

Adalsteinn Ingólfsson
listfræðingur